

# HELMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

5. blað.

## „CONFORMITY.“

Fyrirlestur fluttur á kyrkjufingi Ísl. Unitara í Winnipeg 1908.



EG hefi reist mér hurðarás um öxl, með umræðuefni því er eg hefi tekið til meðferðar í kveld. Bæði er mál-efnið svo afskaplega stórt, og tekur inn í allar hugar-hreifingar manna, frá fyrstu tímum sögunnar, og svo undir búningurinn, og meðfædd lægni, að fara með mál á skiljanlegan hátt, ekki meiri en í meðallagi.

Ekki ætla eg þó að biðja samfélagsmenn mína fyrirgefning-  
ar á því, að eg skildi koma með þetta til umræðu, ekki sízt ef  
það gæti orðið til þess, að fleiri færi að athuga hvað undir býr  
og hve mjög lítið umkvartanir þær hafa við rök og reynslu að  
styðjast, er sakkfella breytingasemi mannlegs huga, því það er  
alls ekki óþarft að það sé athugað.

Einhverjir munu spyrja, því eg hafi valið útlenda fyrirsögn  
á þessu erindi mínu í kveld, og ætlaði eg rétt að fara að útskýra  
það. Eg hirti meira um merkingu orðsins í þess upprunalegu  
og sögulegu mynd en málið sem það er tekið úr, því það er um